

Styrkir til náms í lýðháskólum í Danmörku

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) veitir ungu fólki sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku styrk fyrir námsárið 2017 – 2018.

Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn. Einnig tækifæri til að kynnast nýju tungumáli og menningu, auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogatogahæfileika sína um leið.

UMFÍ veitir annarsvegar **ferðastyrk** og hinsvegar **dvalarstyrk**. Heildarupphæð ferðastyrks fer eftir fjölda umsókna. Dvalarstyrkur fer jafnframt eftir fjölda umsókna og dvalartíma hvers og eins, þ.e. styrkt er um ákveðna upphæð fyrir hverja viku.

Styrkirnir eru greiddir út eftir á, þ.e. í júlí 2018. Til þess að uppfylla kröfur um styrkinn þurfa umsækjendur að skila eftirfarandi verkefnum:

1. *Stuttur texti í umsögn um væntingar umsækjanda til námsins (250 orð). Skilafrestur 1. september 2017 og 10. janúar 2018.*
2. *Verkefni að eigin vali á meðan námsdvöl stendur. Umsækjendur geta valið að skila inn stuttu myndbandi, teiknimyndaseríu, lagi eða texta sem felur í sér upplifun eða reynslu af náminu. Skilafrestur 31. október 2017 og 15. mars 2018.*
3. *Stutt lokaskýrsla sem felur í sér upplifun og lærdóm af náminu. Jafnframt þarf að fylgja með staðfesting á námsdvöl frá skólanum. Skilafrestur 5. janúar og 29. júní 2018.*

Athygli er vakin á því að styrkur er ekki greiddur út ef umsækjandi skilar ekki inn verkefnum fyrir útgefnar dagsetningar.

Ungmennafélag Íslands og Norræna félagið eru í samstarfi þegar kemur að úthlutun styrkja til náms við lýðháskóla í Danmörku. Umsækjendur geta því einungis hlotið styrk frá öðrum samtökunum.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2017 fyrir haustönn og heilt ár.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn er 10. janúar 2018.

Allir styrkir eru greiddir eftir á í júlí 2018.

[Smelltu hér til þess að sækja um styrk.](#)

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður, ragnheidur@umfi.is